



Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2017

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2017 var lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 22. mars 2018, en fyrir liggur ársreikningurinn samþykktur og áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra. Áætlað er að síðari umræða um ársreikninginn fari fram fimmtudaginn 5. apríl nk, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í bæjarstjórn.

Á árinu 2017 voru hjúkrunarheimilin Hulduhlíð og Uppsalar felld inn í samstæðureikning Fjarðabyggðar og hefur það nokkur áhrif á talnaefni ársreikningsins m.a. í samanburði við fyrri ár. Þessari breytingu eru gerð skil í skýringum með ársreikningi (skýring 4 – bls. 13). Þá hefur uppgjör vegna lífeyrisskuldbindinga á grundvelli samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, áhrif á niðurstöðu ársreikningsins. Gerð er ítarleg grein fyrir þessu í skýringum með ársreikningi (skýring 21 – bls. 23).

Rekstrarafkoma sveitarfélagsins árið 2017 var jákvæð um 486 millj. kr. samkvæmt samstæðureikningi sveitarfélagsins, en fjárhagsáætlun 2017 með viðaukum gerði ráð fyrir 118 millj. kr. rekstrarafgangi. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð um 10 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 132 millj. kr. rekstrartapi. Helstu ástæður fyrir betri afkomu eru hærri tekjur heldur en ráð var fyrir gert, á meðan heildarfrávik frá fjárhagsáætlun í rekstrarkostnaði er minna.

Rekstrartekjur Fjarðabyggðar námu 7.055 millj. kr. á árinu 2017, sem er 846 millj. kr. hærra en árið 2016 eða 13,6% hækkun tekna á milli ára. Þar af námu útsvarstekjur og fasteignaskattar 3.408 millj. kr. sem er 145 millj. kr. hækkun á milli ára eða 4,4%. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði námu 790 millj. kr. með framlagi vegna málefna fatlaðra, sem er 199 millj. kr. hækkun á milli ára eða 33,8%. Aðrar rekstrartekjur námu 2.858 millj. kr. og nemur hækkun á milli ára 502 millj. kr. eða 21,3%. Tekjur hjúkrunarheimilanna, sem ekki voru í samstæðuskilum Fjarðabyggðar á síðasta ári, skýra

að hluta þessa miklu hækkun tekna, en tekjur hjúkrunarheimilanna voru á síðasta ári 441 millj. kr. Að teknu tilliti til þeirra, hækka heildartekjur samstæðunnar um 6,5% eða 406 millj. kr.



Áhrif vegna hjúkrunarheimila og lífeyrismála, eins og áður hefur komið fram, hafa mikil áhrif á samanburð fjármála sveitarfélagsins á milli ára. Rekstrarkostnaður sveitarfélagsins hækkar þannig í samanburði við árið 2016 um 592 millj. kr eða sem nemur 11,5%. Launakostnaður sveitarfélagsins nam 3.564 millj. kr. sem er um 760 millj. kr. hækkun frá árinu 2016 eða 27,1%. Án áhrifa hjúkrunarheimila og framlags vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs, hækkar launakostnaður milli ára um 7,5% eða um 210 millj. kr.

Annar rekstrarkostnaður án afskrifta og fjármagnsliða nam 2.182 millj. kr. á árinu 2017, sem er hækkun um 178 millj. kr. frá árinu 2016 eða 8,9% hækkun á milli ára. Án hjúkrunarheimila er hækkun á öðrum rekstrarkostnaði 135 millj. kr. og hækkar um 6,6%.

Fræðslu- og uppeldismál eru stærsti málaflokkurinn, en til hans runnu 2.300 millj. á árinu 2017 eða 54% af skatttekjum. Íþrótta- og æskulýðsmál eru annað stærsta verkefni sveitarfélagsins en til þeirra mála var varið um 708 millj. kr. Til félagsþjónustu var veitt 425 millj. kr. og eru þar meðtalin málefni fatlaðs fólks sem sveitarfélagið tók yfir af ríkinu árið 2011.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) var jákvæð um 1.322 millj. kr. á árinu 2017 eða um 19% í hlutfalli af heildarrekstrartekjum. Í A hluta nam EBITDA 516 millj. kr. á árinu 2017 eða um 10% í hlutfalli af heildarrekstrartekjum.

Afskriftir og virðisrýrnun nam 538 millj. kr í samstæðu og 239 millj. kr í A hluta.

Fjármagnsgjöld námu 297 millj. kr. í samstæðu A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 325 millj. kr. Fjármagnsgjöld A hluta námu 267 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir 236 millj. kr. Verðbætur voru í B hluta samstæðu 27 millj. kr og A hluta 44 millj. kr. eða samtals 72 millj. kr.

Eignir samstæðu eru í árslok 2017 13.195 millj. kr og hækkuðu milli ára um 4,5%. Þar af hækkuðu fastafjármunir, að teknu tilliti til afskrifta, um 5,3% eða 622 millj. kr. Framkvæmt var fyrir um 1.000 millj. kr., þar af fyrir 600 millj. kr. í hafnarmannvirkjum, 136 millj. kr. í gatnakerfi, 135 millj. kr. í skólahúsnæði og 55 millj. kr. í tækjum (þar af nýr snjótroðari fyrir skíðasvæðið í Oddsskarði fyrir 48 millj. kr.). Handbært fé í árslok 2017 nam 256 millj. kr.



Skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B hluta námu í árslok 2017 um 8.947 millj. kr. Afborganir lána- og leiguskuldbindinga námu samtals 571 millj. kr. Ný lán voru tekin á árinu að upphæð 901 millj. kr. sem notuð voru til að standa straum af uppgjöri skammtímaláns frá fyrra ári að upphæð 650 millj. kr., leiguskuldbindingu vegna Melgerðis að upphæð 90 millj. kr og vegna lífeyrisuppgjörs við Brú, að upphæð 148 millj. kr. Lífeyrisskuldbindingar eru núna 2.277 millj. kr og skammtímaskuldir 1.538 millj. kr. Af skammtímaskuldum er næsta árs afborganir langtíma- og leiguskulda 487 millj. kr.

Veltufé frá rekstri í samstæðu A- og B hluta var 1.079 millj. kr. eða 15,3% í hlutfalli við rekstrartekjur. Í A-hluta nam hlutfallið 9,1% eða 459 millj. kr. Handbært fé frá rekstri nam 1.092 millj. kr. á árinu 2017 í samstæðu A- og B hluta og í A hluta nam handbært fé frá rekstri 505 millj. kr.

Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2017 kemur styrkur sveitarfélagsins vel fram í góðri afkomu ásamt því að rekstur sveitarfélagsins telst í góðu jafnvægi. Skuldir eru enn nokkuð háar, en þær eru greiddar niður markvisst m.v. upphaflegar áætlanir. Bæta þarf rekstur A-hluta enn betur til að auka sveigjanleika, m.a. til að takast á við hugsanlegar sveiflur í tekjum sem og frekari fjárfestingar í innviðum samfélagsins. Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2017 kemur styrkur sveitarfélagsins vel fram, en skuldaviðmið hefur lækkað mun hraðar en áður var fyrir gert. Ekkert liggur fyrir um annað, en að fjárhagur sveitarfélagsins styrkist enn á næstu árum þar sem íbúum fjölgar milli ára, ásamt því að samfélag og atvinnulíf eflist með hverju árinu sem líður. Sterkur tekjugrunnur, sem byggður er meðal annars á sterkum atvinnugreinum í sjávarútvegi, áliðnaði og þjónustugreinum, gefur fyrirheit um kraftmikið samfélag til framtíðar litið líkt og áður.

Nánari upplýsingar veita Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri og Snorri Styrkársson fjármálastjóri í síma 470-9000.